



Frá heild til eindar og aftur til heildar

Fjölbreyttar lestrarkennsluaðferðir

Ólafía Ingvarsdóttir

Lokaverkefni til B.Ed.-prófs

Deild kennslu- og
menntunarfræða



HÁSKÓLI ÍSLANDS
MENNTAVÍSINDASVIÐ

Frá heild til eindar og aftur til heildar

Fjölbreyttar lestrarkennsluaðferðir

Ólafía Ingvarsdóttir

Lokaverkefni til B.Ed.-prófs í grunnskólakennslu yngri barna.

Leiðbeinandi: Sigurður Konráðsson

Deild kennslu- og menntunarfræða
Menntavísindasvið Háskóla Íslands

Júní 2020

Frá heild til eindar og aftur til heildar. Fjölbreyttar lestrarkennsluaðferðir.

Ritgerð þessi er 20 eininga lokaverkefni til B.Ed.-prófs
í grunnskólakennslu yngri barna við deild kennslu- og
menntunarfræða, Menntavísindasviði Háskóla Íslands

© Ólafía Ingvarsdóttir, 2020

Óheimilt er að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi höfundar.

Ágrip

Eftirfarandi ritgerð er lokaverkefni til B.Ed.-prófs í grunnskólakennslu yngri barna frá deild kennslu- og menntunarfræða. Þetta verkefni fjallar um fjölbreyttar lestrarkennsluaðferðir. Fjallað er um kennsluaðferðina Byrjendalæsi og málörvunarefnið *Lubbi finnur málbein*. Rannsóknarspurning verkefnisins er: Hverjar eru niðurstöður rannsókna á Byrjendalæsi og hver er sérstaða málörvunarefnisins *Lubbi finnur málbein*? Í fyrri hluta verkefnisins verður fjallað um þróun lesturs og hvaða forsendur þurfa vera til staðar til þess að eiginlegt lestrarnám geti hafist. Farið verður í hugtökin umskráning, hljóðkerfisvitund og orðaforða. Í seinni hluta verkefnisins verður fjallað um málörvunarefnið *Lubbi finnur málbein*, sérstöðu þess og rannsóknina á bak við verkefnið. Einnig verður fjallað ítarlega um rannsóknina á bak við kennsluaðferðina Byrjendalæsi. Greint verður frá hvernig kennslu Byrjendalæsis er háttað og farið yfir helstu niðurstöður rannsóknarinnar.

Efnisyfirlit

Ágrip	3
Formáli	7
1 Inngangur	8
2 Læsi	9
2.1 Umskráning	9
3 Lubbi finnur málbein	12
3.1 Málörvunarefni	12
3.1.1 Tákni með tali	14
3.1.2 Hljóðanámi í þrívídd	15
4 Byrjendalæsi	17
4.1 Uppbygging kennslu í Byrjendalæsi	18
4.1.1 Dæmi um verkefni í kennslu Byrjendalæsis	20
4.2 Álit kennara á Byrjendalæsi	24
4.3 Niðurstöður rannsókna	25
5 Umræður og lokaorð	29
Heimildaskrá	31

Myndaskrá

Mynd 1. Hugmyndafræði á bakvið <i>Tákn með tali</i>	15
Mynd 2. Dæmi um verkefni í Byrjendalæsi.....	20
Mynd 3. Dæmi um verkefni í Byrjendalæsi.....	21
Mynd 4. Dæmi um verkefni í Byrjendalæsi.....	22
Mynd 5. Dæmi um verkefni í Byrjendalæsi.....	23

Formáli

Mig langar að byrja á að þakka Elmari, sambýlismanni mínum, fyrir einstaka þolinmæði og aðstoð þegar vinna við verkefnið stóð sem hæst. Einnig langar mig að þakka honum fyrir að vera stoð mín og stytta í gegnum allt grunnnámið. Mig langar líka að þakka leiðsagnarkennara mínum, Sigurði Konráðssyni, fyrir aðstoð við verkefnið.

Þetta lokaverkefni er samið af mér undirritaðri. Ég hef kynnt mér *Síðareglur Háskóla Íslands* (2003, 7. nóvember, <http://www.hi.is/is/skolinn/sidareglur>) og fylgt þeim samkvæmt bestu vitund. Ég vísa til alls efnis sem ég hef sótt til annarra eða fyrri eigin verka, hvort sem um er að ræða ábendingar, myndir, efni eða orðalag. Ég þakka öllum sem lagt hafa mér lið með einum eða öðrum hætti en ber sjálf ábyrgð á því sem missagt kann að vera. Þetta staðfesti ég með undirskrift minni.

Reykjavík, 24.júní 2020

1 Inngangur

Læsi er einn af grunnþáttum Aðalnámskrár grunnskóla ásamt jafnrétti, sköpun, lýðræði, sjálfbærni, heilbrigði og velferð. Í Aðalnámskrá grunnskóla 2011 er tekið fram að mikilvægt markmið lestrarkennslu sé að leið nemandans liggja til sjálfstæðis þannig að smám saman fari hann að velja sér lesefni og geri sér grein fyrir gæðum þess og tengslum við nám, þörf og áhuga. Þá er mikilvægt að hann læri og geti beitt aðferðum við lestur og skilning sem hann velur í samræmi við tilgang lestrar. Góð lestarfærni er undirstaða ævináms og þess að geta aflað sér upplýsinga sem gera kleift að taka virkan þátt í lífi og menningu þjóðarinnar. Leita þarf allra leiða til þess að bæta stöðu þeirra nemenda sem af einhverjum ástæðum gengur illa að læra að lesa og grípa þarf inn í sem allra fyrst (Aðalnámskrá grunnskóla, 2011). Það er á ábyrgð kennarans að fylgjast með árangri nemenda í lestri og finna kennsluaðferð við hæfi fyrir hvern og einn nemanda. Einstaklingsmiðað nám hentar jafnt nemendum, sem taka litlum framförum, og þeim sem taka miklum framförum í námi. Í þessari ritgerð verður fjallað almennt um það hvernig börn læra að lesa, hvaða forsendur þurfi að vera til staðar svo að börn nái tökum á lestri. Einnig verður fjallað ýtarlega um kennsluaðferðina Byrjendalæsi sem og rannsóknina á bak við þá kennsluaðferð. Lögð verður áhersla á fjölskynjunaraðferð, og hljóðánám í þrívídd við lestrarkennslu með sérstakri áherslu á kennsluefnið *Lubbi finnur málbein*. Flestar aðferðir hafa sína kosti og galla, allir læra á sinn hátt og ekki þar með sagt að þessar kennsluaðferðir henti öllum.

2 Læsi

Lestur byggist á tungumálinu. Því má segja að lestrarnám barnsins byrji um leið og það fer að veita málhljóðum tungumálsins athygli, reyna að tjá sig og skilja það sem sagt er.

Málumhverfi barna hefur því mikil áhrif á hvernig þau eru í stakk búin fyrir lestrarnámið en til þess að geta lesið þurfa þau að hafa gott vald á máltjáningu og málskilningi (Helga Sigmundsdóttir, 2008).

Hin almenna skilgreining á hugtakinu *að vera læs* er sú, að einstaklingur sé læs geti hann lesið ritmál og skilið það sem skrifað er (Foley, 2010). Læsi er vítt og flókið hugtak.

Skilgreiningarnar eru líka ákaflega ólíkar, jafnvel svo að mörgun finnst sem varla sé unnt að nota hugtakið læsi. Það samanstendur af mörgum þáttum sem þurfa að vinna saman. Til að teljast læs þarf einstaklingur að geta breytt bókstöfum í hljóð, tengt hljóð saman í orð, notað orð til að mynda málsgreinar. En einnig verður hann að geta skilið merkingu ritmálsins, um hvað verið er að skrifa. (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2012) Lestrarhugtakið er nátengt menningu og þjóðfélagsháttum og í tæknivæddum samfélögum er lestrarnám gjarnan talið eitt mikilvægasta viðfangsefni á fyrstu árum grunnskólagöngu. Lestur er ekki meðfæddur eiginleiki heldur færni sem þarf að kenna börnum að ná tökum á. Það getur verið flókið að reyna að skilja hvaða undirstöður einstaklingur þarf að hafa til þess að ná tökum á því flókna og margslungna ferli sem á sér stað við lestur (SteinunnTorfadóttir, 2011). Gough og samstarfsmenn hans bjuggu til líkan til að útskýra kenningu sína um lestur, hvaða þættir það eru sem lestur byggist á. Líkanið kölluðu þeir „The Simple View of Reading” eða „einfalda lestrarlíkanið”. Líkanið útskýrir að lestur byggist í stórum dráttum á tveimur megin hæfnipáttum, þ.e. að geta lesið úr bókstafstáknum og að skilja textann sem lesinn er. Nánar tiltekið byggist lestur á umskráningu og málskilningi (Kendeou, Panayiota. Savagem, Robert. Van den Broek, 2009).

2.1 Umskráning

Umskráning er hæfileikinn til að breyta bókstöfum orða í viðeigandi málhljóð, tengja þau saman til að mynda orð og finna merkingu þess. Umskráning er afar mikilvæg því allir aðrir

grunnþættir lestrar byggjast á henni. Ef ekki næst góð umskráningarfærni mun það bitna á lesfimi nemendanna, takmarka öflun orðaforða og koma niður á lesskilningi þeirra. Mjög mikilvægt er að kennari sé meðvitaður um það að umskráningarfærni þróast á stígbundinn hátt. Mikilvægt er að finna hvar hver og einn nemandi er staddur og finna viðeigandi stað til að hefja kennslu. Eftir því sem nemendur færast ofar í skólakerfinu skiptir þessi hæfni sífellt meira máli. Börn með slaka umskráningarfærni ná oft ekki nægjanlegum lesskilningi geti þau ekki umskráð nokkur helstu lykilorð textans (Helga Sigmundsdóttir, 2008). Málskilningur er undirstaða lesskilnings þar sem orðaforði gegnir mikilvægu hlutverki. Orðaforði er það safn orða sem einstaklingur hefur á valdi sínu. Gerður er greinarmunur á virkum og óvirkum orðaforða. Virki orðaforðinn samanstendur af þeim orðum sem einstaklingurinn notar en í óvirka orðaforðanum eru þau orð sem einstaklingurinn þekkir og skilur þegar hann rekst á þau. Orðaforði er grundvallarþáttur í málskilningi og lesskilningur byggist á góðum málskilningi (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011).

Mjög skiptar skoðanir eru um það hvaða áherslur eigi að leggja og hvaða aðferðum eigi að beita í lestrarkennslu þó að menn hafi löngum verið sammála um að meginmarkmið lestrar sé að nemandinn nái að skilja lesefnið. Tvær meginlínur eru mest áberandi: Afleiðsla og aðleiðsla. Þeir sem aðhyllast aðleiðslu leggja áherslu á að kenna börnum bókstafina og hvernig þeir tákna hljóðin. Þessi nálgun gerir ráð fyrir að lesskilningur komi í kjölfar þess að lesandi verði fær um að hljóðgera bókstafina yfir í orð og setningar. Andstæð sjónarmið leggja áherslu á afleiðslu, það er að lestrarfærni byggist fyrst og fremst á því að öðlast góðan lesskilning og því eigi að beita kennsluaðferðum sem beinast að innihaldi textans fremur en að festa athygli barna við bókstafi og hljóð. Þriðja sjónarhornið beinist að því að lestur feli í sér bæði leikni við að lesa úr bókstafatáknum og málskilningi til að skilja textann (Menntamálastofnun, 2011) En öll getum verið sammála um að áhrifaríkasta leiðin til að efla orðaforða barna er að lesa fyrir þau góðar barnabækur. Börn eiga auðveldara með að læra orð ef þau koma fyrir í sögu en venjulega mæltu máli, því þá læra þau orðið í samhengi. Fyrstu bækur barna eru oftast bendibækur og aðrar myndabækur með myndum af hlutum sem börnin þekkja úr umhverfi sínu. Bendibækur eru lesnar fyrir börnin þannig að sá sem les bendir á myndirnar og segir orðið yfir það sem er á myndinni og ræðir gjarnan um það við barnið. Smám saman fer barnið svo að benda sjálft og myndast við að segja orðið sem við á. Þarna fara fram mikilvægar samræður foreldris og barns og í þessu er fólgin mikil málörvun.

Orðaforði barnsins og málskilningur eykst og það lærir heilmikið um samtöl og málleg samskipti. Ekki má gleyma því að þetta er mikil skemmtun. Eftir því sem barnið eldist og þroskast verða myndabækurnar flóknari og meira krefjandi, bæði texti og myndir, og samspil þeirra meira og nánara. Táknkerfi textans og myndanna síast inn í barnið þegar lesið er fyrir það og myndirnar skoðaðar um leið. Hér eru því tekin mikilvæg skref í þróun læsis, bæði á texta og myndir (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011). Með myndabókum eru sjónrænt minni og heyrn tengd saman til að dýpka skilning barnanna á því sem lesið er.

3 Lubbi finnur málbein

Lubbi finnur málbein eftir Þóru Másdóttur og Eyrúnu Ísafold Gísladóttur er málörvunarverkefni sem byggist á áralangri reynslu Þóru Másdóttur og Eyrúnar Ísfoldar Gísladóttur af vinnu með börnum með tal- og málþroskaraskanir. Kennsluefnið *Lubbi finnur málbein* byggist einnig að stórum hluta á doktorsrannsókn Þóru Másdóttur (2008) um hljóðþróun ungra barna og á nýrri rannsókn um framburð 2–8 ára barna. Í rannsókninni var málhljóðatilkun barna á aldrinum tveggja til þriggja ára skoðuð svo og frávík í framburði eldri leikskólubarna. Höfundar kennsluefnisins rýndu í niðurstöður rannsóknar Þóru og í bókinni *Lubbi finnur málbein* er málhljóðunum raðað í þeirri röð sem rannsóknin sýndi að íslensk börn tileinka sér málhljóðin (Þóra Másdóttir, 2008a). Það sem gerir *þetta kennsluefni* sérstakt er hugmyndafræðin um hljóðanáms í þrívídd. Með því að samþætta skynleiðir vistast upplýsingarnar þrefalt í huga lesandans. Lubba-efnið nýtir sér sjónskyn, heyrnarskyn og hreyfi- eða snertiskyn. Á heimasíðu Lubba, www.lubbi.is, er að finna alls konar málörvunarleiki og tól sem höfundar kalla hljóðasmiðjur. Hljóðasmiðjurnar eru fjórar talsins og hér á eftir verður farið ítarlega í það hvað er í hverri og einni hljóðasmiðju og hvernig á að nota þær.

3.1 Málörvunarefni

Málörvunarefnið *Lubbi finnur málbein* er mjög fjölbreytt og fróðlegt. Grunn-vinnutækið er lesbókin og samnefndur geisladiskurinn. Bókin samanstendur af öllum málhljóðum íslenskunnar. Málhljóðin koma fyrir í bókinni í þeirra röð sem íslensk börn tileinka sér þau samkvæmt rannsókn Þóru Másdóttur. Á hverri opnu í bókinni er stafatákn, vísa eftir Þórarin Eldjárn þar sem stafurinn og orð, sem innihalda stafinn, eru í brennidepli sem og lítil örsaga. Aðalmarkmið örsögunnar er að nota orð með stafnum á síðunni. Sögupráður bókarinnar er hundurinn Lubbi sem ferðast um Ísland í leit að málbeinum. Málbeinin eru hundabein með stafatáknum á. Lubbi ferðast í kringum Ísland á staði eins og Fáskrúðsfjörð og Vaðlaheiði og dregur lesendur með sér í ævintýraferð. Á hverri opnu má finna stutta sögu þar sem lögð er áhersla á að nota orð með staf síðunnar. Finna má hljóðið fremst í orði, inni í orði eða aftast í orði. Sögurnar geyma fjölbreyttan orðaforða og hvetja til auðugs málfars. Spurningar í

sögulok gefa færi á áhugaverðum samræðum, rökræðum og vangaveltum (Þóra Másdóttir, 2008a). Á geisladisknum eru allar vísurnar úr bókinni. Vísurnar eru sungnar af börnum úr Skólakór Kársness. Ásamt bókinni og disknum er hægt að kaupa DVD-mynddisk, veggspjöld og hljóðasmiðjur (Þóra Másdóttir, 2011–2012).

Hljóðasmiðja 1

- Áhersla á tileinkun íslensku máhljóðanna með stuðningi táknrænna hreyfinga fyrir hver máhljóð. Tekið er mið af tileinkunarröð og byggt er á rannsóknum á íslenskum börnum. Smiðjan gagnast öllum börnum frá unga aldri, m.a. tvítyngdum og fjöltýngdum börnum og börnum með frávik í máli og tali á breiðu aldursbili.
- Vinnugögn sem fylgja hljóðasmiðju 1: Spjöld með myndum af táknrænum hreyfingum, lykilorðum, orðabanka og rímorðum.

Hljóðasmiðja 2

- Áhersla á eflingu hljóðavitundar og annarra þátta hljóðkerfisvitundar sem fela í sér undirstöðufærni fyrir lestrarnám.
- Jafnframt er lögð áhersla á hlustun, athygli, málskilning, orðaforða, samræður og gagnvirkan lestur sem undirbyggir lesskilning.
- Til viðbótar fræðast börnin á margvíslegan hátt um náttúru Íslands og staðhætti.
- Gagnast eldri börnum leikskóla og öllum aldurshópum grunnskóla.
- Vinnugögn: Spjöld með myndskreyttum örsögum ásamt fjölbreyttum verkefnum úr hverri sögu.

Hljóðasmiðja 3

- Áhersla á rétta myndun íslensku máhljóðanna út frá nákvæmri fyrirmynd um stöðu talfæranna og lýsingu á myndunarhætti.
- Efnið er ekki síst hugsað sem sérhæft efni fyrir talmeinafræðinga og skjólstæðinga þeirra, börn og fullorðna sem glíma við erfiðleika og/eða frávik í myndun máhljóðanna.
- Á sama hátt getur efnið gagnast fagfólki sem notar efnið í samræmi við faglega leiðsögn talmeinafræðings.
- Vinnugögn: Spjöld með hljóðstöðumyndum, séð frá hlið og að framan, ásamt skýringum á myndunarstað og eðli hljóðanna.

Hljóðasmiðja 4

- Áhersla á hljóðtengingu, brúarsmið á milli stafs og hljóðs, lestur orða og einfaldra setninga ásamt ritun á grunni hljóðanáms.
- Gagnast eldri börnum í leikskóla, yngri börnum í grunnskóla ásamt breiðum hópi barna og ungmenna sem glíma við lestrar- og stafsetningarvanda.
- Vinnugögn: Vinnuborð Lubba ásamt stórum málbeinum í litum hljóðaregnbogans, minni beinum og hringjum með táknrænum hreyfingum. Einnig fylgja aukahringir og bein með spurningarmerki sem gilda fyrir öll hljóð/stafi.

3.1.1 Tákn með tali

Það sem gerir kennsluefnið *Lubbi finnur málbein* að einstöku málörvunartæki er hvernig unnið var með niðurstöður rannsókna Þóru í bókinni. Um er að ræða hnitmiðaðar rannsóknir- og þróunarvinnu höfunda til fjölda ára, m.a. doktorsverkefni Þóru um tileinkun barna á íslensku málahljóðunum sem sýna fram á tileinkunarröð hljóðanna. Ennfremur var stuðst við nýja rannsókn þar sem gagna var aflað um hljóðþróun og framburð rúmlega 400 barna á aldrinum 2½ árs til 8 ára. Málörvunarefnið *Lubbi finnur málbein* notar táknrænar hreyfingar fyrir hvert málahljóð sem gerir hljóðin nánast sýnileg og áþreifanleg. Byggt er á áralangri reynslu og frumkvöðulsstarfi Eyrúnar Ísfoldar Gísladóttur, annars höfunda Lubba-kennsluefnisins, af þróun tjáskiptamátans *Tákn með tali (TMT)* í vinnu með börnum með fjölbreytileg frávík í máli og tali, m.a. barna með alvarleg framburðarfrávík. Táknrænu hreyfingarnar eru íslensk hugsmíði höfundar sem hefur mikla sérstöðu þegar tekið er mið af sambærilegu efni í alþjóðalegu samhengi. Hér má nefna að táknrænar hreyfingar sérhljóðanna tengjast allar tilfinningum og líðan og táknrænar hreyfingar samhljóðanna hinum ýmsu athöfnum. (Þóra Másdóttir, 2011–2012). Tjáningarmátinn *TMT* er einkum ætlaður börnum sem heyra innan eðlilegra marka en ná ekki að tileinka sér skilning á máli og /eða talmál á hefðbundinn hátt vegna frávika í þroska eða fötlunar. Tekið skal fram að einstaklingar á öllum aldri geta nýtt sér *Tákn með tali*. Tjáskiptamátinn *TMT* er sóttur í smiðju Dana, Tegn til tale, en höfundarnir Lars Nygård og Marianne Bjerregaard hófu að prófa sig áfram með notkun tákna samhliða tali með fötluðum nemendum um 1969 (Eyrún Ísfold Gísladóttir, 2001). Markmið með notkun *TMT* er að viðkomandi einstaklingar nái eins góðum tókum á töluðu máli og forsendur framast leyfa. Ávinningur af notkun *TMT* er eftir sem áður

mikill fyrir þá einstaklinga þar sem tækifæri þeirra til innihaldsríkra boðskipta aukast til muna. Á myndinni hér fyrir neðan má sjá í hnotskurn hugmyndafræðina á bak við *Tákn með tali*.



Mynd 1. Hugmyndafræðin á bakvið *Tákn með tali*.

3.1.2 Hljóðanám í þrívídd

Með fjölskynjun má aðstoða nemendur við að muna betur. Það að samþætta skynleiðirnar, sjónskyn, heyrnarskyn og hreyfi- og snertiskyn, býður upp á samvinnu á milli svæðanna í heilanum. Barn á auðveldara með að draga upp mynd sem situr eftir í höfðinu af því hljóði sem það var að læra. Myndirnar öðlast varanlegan sess í minninu sem auðvelt er að kalla fram (Eyrún Ísfold Gísladóttir, 2013). Það sem gerir námsefnið *Lubbi finnur málbein* svo árangursríkt er þessi þrefalda vistun sem það fær. Táknin sem notast er við í námsefninu eru mjög lýsandi fyrir hljóðin semstafirnir gefa frá sér. Hljóðið rennur inn í táknið. Myndirnar eru mjög skýrar og auðvelt fyrir börn að herma eftir þeim. Þetta kennsluefni hefur reynst þeim skólum vel sem hafa tekið það upp. En benda má á að ekki er til ein kennsluáferð í lestri

sem að hentar öllum, hvorki nemendum né kennurum. Aðferð í lestrarkennslu, sem reynst hefur vel, er aðferðin Byrjendalæsi, sem verður lýst hér fyrir neðan.

4 Byrjendalæsi

Rannsókn undir nafninu Byrjendalæsi var gerð í samvinnu við Háskólann á Akureyri árið 2011. Þá höfðu 47 skólar tekið þátt í þróunarverkefninu Byrjendalæsi, eftir að farið var að bjóða skólum þátttöku í því haustið 2006, og höfðu þá annaðhvort lokið tveggja ára innleiðingu þess eða voru að hefja síðara ár hennar. Skólaárið 2011–2012 bættust síðan við 20 skólar. Þrátt fyrir fjölgun þeirra skóla, sem tóku upp Byrjendalæsi, hafði útfærsla þeirra á aðferðinni og innleiðingu hennar ekki verið rannsökuð á kerfisbundinn hátt þótt ýmsum gögnum hefði verið safnað á vegum Miðstöðvar skólapróunar við Háskólann á Akureyri (MSHA). Hvatinn að rannsókninni var að bregðast við þessu og bæta um leið í fátæklegan sjóð læsirrannsókna á Íslandi (Grétar L. Marinósson og Rúnar Sigþórsson, 2017). Að rannsókninni stóðu rannsakendur af Hug- og félagsvísindasviði Háskólans á Akureyri, Menntavísindasviði Háskóla Íslands, úr einum grunnskóla auk meistaranema. Auk þessarar einstaklinga hefur hópurinn sótt aðstoð til Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur og Skóladeildar Akureyrar. Verkefnastjóri verkefnisins er Rúnar Sigþórsson, prófessor við kennaradeild Háskólans á Akureyri (Halldóra Haraldsdóttir, Rúnar Sigþórsson, Sigríður Margrét Sigurðardóttir, 2014). Rannsóknin beindist frá upphafi að tveimur meginþáttum Byrjendalæsis, annars vegar námi og kennslu og hins vegar starfsþróun, en sá þáttur felur í sér rannsókn á starfi leiðtoga og innri þróunarskilyrðum skóla. Báðir þessir þættir voru rannsakaðir með tilviksrannsóknum í sex grunnskólum, sem tekið hafa upp Byrjendalæsi, og spurningalista til kennara, skólastjóra og leiðtoga í 58 skólum sem innleitt hafa aðferðina (Grétar L. Marinósson og Rúnar Sigþórsson, 2017). Höfundur Byrjendalæsis er Rósa Eggertsdóttir. Meginmarkmið Byrjendalæsis er að börn nái góðum árangri í læsi sem allra fyrst á skólagöngu sinni. Þegar börn hefja nám í 1. bekk eru þau misjafnlega á vegi stödd. Sum þekkja stafi, önnur eru farin að lesa og svo er hópur sem þarf að læra alla stafina. Hvernig á að vinna með þá? Byrjendalæsi gerir ráð fyrir að hægt sé að kenna börnum, sem hafa ólíka færni í lestri, hlið við hlið og því er lögð áhersla á hópvinna um leið og einstaklingsþörfum er mætt (Rósa Eggertsdóttir, 2008). Byrjendalæsi byggir á samvirkri lestrarkennsluáferð. Með samvirkri lestrarkennsluáferð er átt við aðferð sem byggist á því að unnið sé markvisst með alla fjóra flokka móðurmálsins samtímis, þ.e. talað mál og

hlustun, lestur og bókmenntir, ritun og loks málfræði. Lögð er áhersla á að efla málskilning nemenda og rækt lögð við orðaforða og lesskilning. Skipulega er unnið að því að styrkja hljóðkerfisvitund nemenda, þjálfar þá í að greina og þekkja bókstafi og hljóð þeirra, orðhluta og orðmyndir, fjölda orða í setningum og uppbyggingu setninga. Í nánari úrvinnslu á texta er þjálfuð munnleg tjáning, frásögn, sögurgerð o.s.frv. Viðfangsefni þurfa að vera fjölbreytt og styðja alla þessa þætti (Námshagstofnun, 2007). Samþætting tals, hlustunar, lesturs og ritunar er grundvöllur árangurs í lestrarnámi. Vinna þarf jöfnum höndum með samband stafs og hljóðs, hraða og öryggi og lesskilning. Fyrir vikið er unnið samþætt með hljóðvitund, réttiritun, skrift, orðaforða, setningabyggingu og málfræði en ekki í aðskildum verkefnum. Takturinn í lestrarvinnu Byrjendalæsis er frá heild til eindar og aftur til heildar (Rósa Eggertsdóttir, 2007). Tileinkun orðaforða er mikilvæg í lestrarnámi enda er hann undirstaða góðs lesskilnings. Gæðatexti er lagður til grundvallar lestrarkennslunni og efni hans rætt ítarlega. Öll tæknileg vinna sprettur úr þeim efniviði sem felst í gæðatextanum. Lykilorð úr textanum eru notuð til innlagnar á öllum helstu tæknilegum þáttum lestrarnámsins (Rósa Eggertsdóttir, 2007).

4.1 Uppbygging kennslu í Byrjendalæsi

Uppbyggingu lestrarkennslu Byrjendalæsis er skipt upp í þrjú þrep. Fyrsta þrep er upplestur. Kennsla byrjar á því að kennari les texta fyrir nemendum. Kennari velur texta sem ögrar nemendum lestrarlega og gætir þess að nýta hvert tækifæri til umræðu um innihald textans. Með því að lesa texta fyrir nemendurna eflir kennari sameiginlega reynslu nemenda og býður upp á umræður þeirra á milli (Rósa Eggertsdóttir, 2007).

Rósa Eggertsdóttir lýsir uppbyggingu kennslu í grein sinni í Skímu og fara aðalatriðin hér á eftir:

Fyrsta þrep

Í fyrsta þrepi Byrjendalæsis les kennari texta fyrir nemendum. Hann nýtir þau tækifæri sem textinn gefur, til að ræða um merkingu hans. Í upphafi eru textarnir yfirleitt þyngri en flestir nemendur ráða við að lesa. Kennari sér til þess að orðaforði efnisins verði nemendum tamur.

Annað þrep

Í öðru þrepi, eftir upplestur og umræður, tekur við tæknivinna. Hún snýst meðal annars um hljóðvitund, samband stafs og hljóðs, stafagerð, ritun óhljóðréttra orða, samsett orð, stóran


og lítinn staf og annað sem þarf að læra. Í hverjum texta er valið lykilorð til að ræða og rannsaka. Út frá lykilorði fá nemendur fjölbreytt verkefni. Nemendur, sem þegar kunna stafina, vinna þyngri verkefni sem snerta lykilorðið.

Þriðja þrep

Í þriðja þrepi Byrjendalæsis hefst enduruppbygging. Á því stigi er teiknað, unnið hugarkort, saminn texti, leikþættir og tónverk, allt eftir því sem hentar efninu og nemendur hafa hugmyndaflug til. Þeir styðjast við þann orðaforða sem lagður var inn í fyrsta hlutanum (Rósa Eggertsdóttir, 2007).

4.1.1 Dæmi um verkefni í kennslu Byrjendalæsis

Léttlestrarverkefni



Kisi heldur að hann sé fugl en gengur illa að fljúga og synda. Hvers konar fugl er hann þá?

Efni og áhöld:

Kisi fugl

Ritföng

Litir

Innihald:

4 verkefnablöð

Verkefni 1 - K - orðasafnið
Nemendur æfa sig að skrifa litla og stóra K/k á línurnar. Í töfluna safna nemendur orðum sem byrja á K/k. Þekkja börnin fleiri dýrategundir sem eiga bókstafinn?

Verkefni 2 - Stafrófið
Nemendur tengja stóra og litla stafi í stafrófinu saman. Aukaverkefni: Þeir sem þekkja sérhljóða frá samhljóðum lita alla sérhljóða rauða og samhljóða græna.

Verkefni 3 - Orðaskuggar

Nemendur finna réttu fuglategundina og rita á línuna. Þá lita þeir orðaskuggann í töfluna og númera myndirnar í rétta tímalínu (1-6) eftir því í hvaða röð fuglamir birtast.


Verkefni 4 - Lykilorðavinna
Nemendur skoða bókina og skrá orð (eða setningar) á línur krossorðaglímunnar sem byrja á bókstöfum lykilorðsins. Neðst er sama orð táknað með orðaskugga.

Léttlestrarbækur Óðinsauga & Kennarinn.is

Mynd 2. Dæmi um verkefni í Byrjendalæsi.



Kisi fugl



Handwriting practice lines consisting of four horizontal lines.



Mynd 3. Dæmi um verkefni í Byrjendalæsi.

A
Á
B
C
D
Ð
E
É
F
G
H
I
Í
J
K
L
M
N


O
Ó
P
Q
R
S
T
U
Ú
V
W
X
Y
Ý
Z
Þ
Æ
Ö

Mynd 4. Dæmi um verkefni í Byrjendalæsi.





Kisi fugl
















lundi - önd - þröstur - dúfa - strútur - spói

Mynd 5. Dæmi um verkefni í Byrjendalæsi.

4.2 Álit kennara á Byrjendalæsi

Aðferðin Byrjendalæsi var nokkurn veginn fullmótuð vorið 2004 og reynd með átta kennurum veturinn 2004–2005 í fjórum skólum í Húnavatnssýslum og öðrum átta kennurum veturinn 2005–2006 í tveimur skólum á Akureyri. Auk gagna, sem vörðuðu aðferðina, var safnað vettvangsnótum, viðtalsglósum, fundargerðum, kennsluáætlunum, ljósmyndum og nemendaverkefnum. Enn fremur voru skimunarpróf lögð samtímis fyrir alla nemendur á Akureyri í 1. og 2. bekk, þrjú í hvorum árgangi, í því skyni að bera saman byrjendalæsi í tveimur skólum við „aðrar aðferðir“ í fimm skólum (Rósa Eggertsdóttir, 2007). Byrjendalæsi er um margt frábrugðin þeim vinnubrögðum sem kennarar hafa vanist. Mikilvægt er að fyrstu tvö árin fái þeir sem kenna eftir aðferðinni öflugan stuðning. Miðstöð skólaþróunar hefur sett fram þróunarlíkan og framkvæmdaráætlun sem lýsir stuðningi og endurmenntun kennara. Ráðgjafar eru starfsmenn MSHA. Skólar eiga kost á að fá þá inn í skólana til að vinna með kennurum. Mælt er með því að skólar ráði til sín leiðtoga sem starfar í skólanum eða býr nærri. Leiðtoginn, sem verður ráðgjafi kennaranna, nýtur handleiðslu frá MSHA í tvö ár.

Í lok skólaársins mátu kennarar skólanna, sem fyrstir voru að prófa aðferðina, starfið yfir veturinn. Helmingur nefndi ánægða og áhugasama nemendur, sjálfstæði þeirra, fjölbreytt verkefni, hópvinnu og að unnt væri að mæta ólíkum þörfum nemenda. Helmingur kennara taldi sig þurfa að ná betri tókum á mati og skráningu á einstaklingsþörfum, sem og að nota námsspil í kennslu. Kennarar töldu allir að ekki ætti að gera breytingu á aðferðinni. Þeir voru almennt þeirrar skoðunar að kenna ætti aðferðina eins og þeir höfðu lært hana, þ.e. með námskeiði, ráðgjöf á vettvangi og hópfundum.

Niðurstöður frá báðum árum þróunarstarfsins eru á móta. Út frá þeim má álykta eftirfarandi:

- Byrjendalæsi er raunhæf kennsluaðferð í lestri í almennum bekkjum í 1. og 2. bekk.
- Þrískiptur rammi byrjendalæsis gerir kennurum kleift að samþætta tal, hlustun, ritun og lestur á árangursríkan hátt.
- Nemendur, sem læra eftir byrjendalæsi, ná í það minnsta sama árangri og nemendur sem læra eftir öðrum aðferðum. Aðferðin virðist ná vel til stráka.
- Vísbendingar eru um að aðferðin henti nemendum sem ella hefðu náð takmörkuðum árangri í lestrarnámi. Byrjendalæsi kemur þó ekki í veg fyrir lestrarörðugleika.

- Að mati kennara lærðu nemendur meira í lestri og ritun á einum vetri en kennararnir höfðu haft væntingar um.
- Byrjendalæsi hvetur nemendur til sjálfstæðra vinnubragða í lestrarnámi.
- Kennarar eru mjög sáttir við aðferðina. Þeir telja að hún gefi þeim svigrúm til að setja sinn eigin stíl á lestrarkennsluna.
- Aðferðin er flókin. Það tekur kennara að minnsta kosti heilan vetur að tileinka sér aðferðina. Nauðsynlegt er að veita kennurum stuðning í formi námskeiða og ráðgjafar á vettvangi.
- Kennarar þurfa viðbótarstuðning til að tileinka sér færni við mat á einstaklingsþörfum og við einstaklingsmiðun í kennslu í bekkjaraðstæðum.

(Rósa Eggertsdóttir, 2007).

Þótt Byrjendalæsi sé ung aðferð í læsiskennslu hefur útbreiðsla hennar verið hröð. Frá því fyrstu skólarnir hófu innleiðingu á Byrjendalæsi haustið 2006, hafa um 75 skólar vítt og breitt um landið tekið þátt í að innleiða aðferðina. Það má því ætla að hún hafi haft áhrif á læsi fjölmargra ungra nemenda á Íslandi. Áhrif hennar á skólastarf hafa þó lítið verið rannsökuð, hvorki hvernig starfspróunarlíkanið, sem innbyggt er í aðferðina, hefur reynst við að innleiða hana né hvaða áhrif hún hefur haft á skólastarf og þá sérstaklega á árangur nemenda (Eygló Björnsdóttir, María Steingrímsdóttir og Sigríður Margrét Sigurðardóttir, 2013).

4.3 Niðurstöður rannsókna

Meginmarkmið rannsóknarinnar á Byrjendalæsi var að rannsaka þá læsismenntun, sem fer fram undir merkjum aðferðarinnar, ásamt innleiðingu hennar í skóla og setja hvort tveggja í samhengi við alþjóðlega þekkingu á læsi, læsismenntun og breytingarstarf í skólum. Jafnframt var rannsókninni ætlað að varpa ljósi á stöðu Byrjendalæsis með tilliti til íslenskrar stefnumótunar um læsi og vera framlag til læsirrannsókna og þróunar læsismenntunar í íslenskum grunnskólum (Grétar L. Marinósson og Rúnar Sigþórsson, 2017). Settar voru fram rannsóknarspurningar við upphaf rannsóknarinnar. Þær spurningar beindu rannsókninni í þrjú farvegi: Í fyrsta lagi að lýsa Byrjendalæsi sem aðferð við læsismenntun í ljósi fræðilegra kenninga og rannsókna ásamt því að rannsaka það starf sem fram fer undir merkjum þess og

hvernig meginhugmyndir og aðferðir þess samsvara þeirri stefnumótun um læsi sem lýst er í Aðalnámskrá grunnskóla; í öðru lagi að rannsaka innleiðingu Byrjendalæsis og þá starfsþróun, leiðsögn og eflingu forystu sem í henni felst; í þriðja lagi að rannsaka samstarf við foreldra í skólum sem nota Byrjendalæsi.

Til að svara fyrstu rannsóknarspurningunni, þá er Byrjendalæsi lýst sem samvirkri aðferð við læsishám. Það þýðir að við mótun aðferðarinnar hefur verið gengið út frá því að hvorki kenningar í anda umskráningarlíkans né merkingarlíkans um lestrarferlið nægi einar og sér til að skýra það og leggja fullnægjandi grunn að skilvirkum aðferðum við læsishám barna. Í anda kenninga um samvirkt læsishákan byggist Byrjendalæsi á því að kennslanþurfi að fléttast saman við mismunandi þætti læsis svo sem umskráningu, hljóðkerfisvitund, ritun og merkingarleit (Grétar L. Marinósson og Rúnar Sigþórsson, 2017). Eins og lýst er hér að framan þarf að beita fjölbreyttum aðferðum til að fást samhliða við lestur og skilning, hlustun, talmál og tjáningu og ritun þannig að jafnvægi ríki milli þessara læsisháttá og vinnu með þá í læsisháminu. Skóli án aðgreiningar er einn af burðarásam íslenskrar menntastefnu. Það þýðir að samkvæmt lögum um grunnskóla (nr. 91/2008) og Aðalnámskrá grunnskóla (2013) eiga allir nemendur rétt á að komið sé til móts við námsþarfir þeirra í almennum grunnskóla þannig að þeir fái jöfn eða jafngild tækifæri til náms á eigin forsendum. Byrjendalæsi fellur vel að þessari stefnu enda er gengið út frá því að nemendur komi til leiks í byrjun grunnskólagöngu sinnar með ólíka færni í læsi en eigi þrátt fyrir það samleið í almennum bekk og að kennurum beri að bregðast við því með námsaðlögun, stigskiptum stuðningi og samvinnu nemenda (Grétar L. Marinósson og Rúnar Sigþórsson, 2017).

Önnur rannsóknarspurningin lítur að innleiðingu Byrjendalæsis og þeirri starfsþróun, leiðsögn og eflingu forystu sem í henni felst. Þegar farið er í þróunarstarf í skólum af einhverjum toga hafa rannsóknir leitt í ljós að skólinn sjálfur er mikivægasti vettvangur þróunarstarfs og breytingar standa og falla með þeim sem þar starfa. Þeir þurfa að vera í stöðugu samstarfi við ytri aðila og ráðast þar af leiðandi gæði skólastarfsins sem og árangur nemenda af skipulagi og stefnumótun stjórnvalda, staðbundnum þáttum sem eru á forræði sveitarfélaga, skipulagi og hæfni einstakra skóla og af þekkingu og kennslufræðilegri hæfni kennara og stjórnenda (Grétar L. Marinósson og Rúnar Sigþórsson, 2017). Ljóst er af niðurstöðum rannsóknarinnar um innleiðingu Byrjendalæsis að þetta samspil hafði áhrif á innleiðingu og festingu aðferðarinnar. Þar sem hvort tveggja gekk best kom frumkvæði frá

kennurunum sjálfum, skólustjórarnir sáu gildi þess að ýta undir forystu kennara og fræðsluyfirvöld hvöttu til þróunarstarfsins og greiddu götur þess með markvissum aðgerðum. Niðurstöður sýna að mikilvægt er að tryggja að allir sem eiga hlut að máli taki þátt í þeirri ákvörðun að ráðast í þróunarverkefni og sameinist um markmið þróunarstarfsins þannig að allir gangi í takt frá upphafi. Langflestir töldu að innleiðing Byrjendalæsis hefði gengið vel, sérstaklega þar sem ofangreind skilyrði voru til staðar (Grétar L. Marinósson og Rúnar Sigbórsson, 2017).

Þriðja rannsóknarspurningin sem skoðuð var er samstarf foreldra þeirra barna sem tóku þátt í verkefninu. Það á ekki að þurfa að áréttta mikilvægi þess að foreldrar sýni námi barna sinna áhuga. Í Aðalnámskrá grunnskóla kemur fram að velferð barna og farsæl námsframvinda byggist ekki síst á því að foreldrar styðji við skólagöngu barna sinn og gæti hagsmuna þeirra í hvívetna, eigi gott samstarf við skóla, veiti skólanum viðeigandi upplýsingar og taki þátt í námi barna sinna og foreldrastarfi frá upphafi til loka grunnskóla. Upplýsingagjöf milli heimila og skóla og samráð kennara og foreldra um nám og kennslu er mikilvæg forsenda árangursríks skólustarfs. Skólar bera ábyrgð á að slíkt samstarf komist á og því sé viðhaldið alla skólagöngu barnsins. Virk hlutdeild og þátttaka foreldra í námi og starfi barna sinna er forsenda þess að foreldrar geti axlað þá ábyrgð sem þeir bera á farsælu uppeldi og menntun barna sinna (Aðalnámskrá grunnskóla, 2011). Af niðurstöðum þessa hluta rannsóknarinnar má sjá að meirihluti foreldra, sem þátt tók í rannsókninni, hafi verið mjög áhugasamur um læsinnám barna sinna. Foreldrar voru almennt ánægðir með allt sem viðkom skólanum, með samstarfið við hann, heimavinnu, árangur barnanna og líðan. Þeir tóku fulla ábyrgð á því að börnin þeirra yrðu læs en töldu jafnframt að skólinn bæri meginábyrgð á árangri barnanna í lestri. Í skólunum var einnig talið að foreldrum væru sendar fullnægjandi leiðbeiningar um heimavinnu barnanna en foreldrar voru ekki sammála því. Þeir höfðu að eigin sögn fremur litla þekkingu á Byrjendalæsi eða læsinnámi barna sinna almennt, óskuðu eftir að fá frekari upplýsingar um gengi barna sinna í náminu og töldu sig einna helst fá upplýsingar um það í foreldraviðtölum. Ánægja foreldra byggðist á því sem þeir kynntust í gegnum börnin og heimanám þeirra (Grétar L. Marinósson og Rúnar Sigbórsson, 2017). Helsta ályktun sem draga má af niðurstöðum rannsóknarinnar um samstarf foreldra og skóla er sú að foreldrar séu enn sem komið er vannýtt auðlind þegar

kemur að því að efla námsárangur barna í læsi. Það er skólanna að eiga frumkvæðið að samstarfi við þá um læsinnám barna á jafnréttisgrunni.

5 Umræður og lokaorð

Mín þekking á lestrarnámi og málörvun barna kemur úr leikskólaumhverfinu. Sem starfsmaður á leikskóla hef ég séð með eigin augum hversu mikilvægt er að huga að því hvernig leikskólinn sem fyrsta skólastigið getur undirbúið börnin fyrir formlegt lestrarnám. Mikilvægi bóklesturs hefur sýnt sig margfalt og því fyrr sem foreldrar byrja að lesa fyrir börnin sín því betra. Fyrstu bækur barna eru yfirleitt myndabækur með engum formlegum texta. Þar gefst foreldrum tækifæri til að ræða um myndirnar og leggja inn hjá þeim mikilvægan orðaforða. Á leikskólanum, þar sem ég starfa, er mikil áhersla lögð á að bókalestur skili einhverjum árangri, sé markviss og að kennarar og starfsmenn séu meðvitaðir um mikilvægi hans. Einnig þykir mér ekki síður mikilvægt að kenna börnum að bera virðingu fyrir bókum.

Á mínum vinnustað hefur Lubba-verkefninu verið tekið opnum örmum. Börnunum þykir bókin skemmtileg og festi leikskólinn kaup á Lubba-bangsa fyrir hverja deild og skiptust deildarstjórar á að þrjúna peysur eins og hundurinn í bókinni er í. Mismunandi er eftir aldri nemenda hvernig unnið er með Lubba. Á yngri deildum leikskólans er hlustað á vísurnar, sungið með og stafirnir skoðaðir. Á báðum yngri deildunum voru sett upp veggspjöld með mynd af stafnum, textanum í vísunni og síðan myndum af börnunum sem að eiga þann staf sem fyrsta staf í nafninu sínu. Þetta hjálpar börnunum að þekkja sinn eigin staf sem og að byrja að kynnst öðrum stöfum. Börnin á yngri deildum skólans eru frá tveggja ára til rúmlega þriggja ára. Á tvemur eldri deildunum er farið betur í örsögurnar í bókinni og þær lesnar. Eins og á yngri deildunum er hlustað á vísurnar og sungið með.

Vinsældir Lubba á leikskólanum leynd sér ekki og hefur tekist vel að kenna börnunum vísurnar og stafina. Ég er mjög heppin að leikskólinn, sem ég vinn hjá, stendur sig mjög vel í málörvun. Ef einhver grunur leikur á um málvanda eða ef eitthvert barn þarf örlítið meiri aðstoð er því kippt inn í málörvunarhóp og hefur það reynst vel. Byrjendalæsi kynntist ég sem kennaranemi í Langholtsskóla árið 2013. Þar unnu kennarar í öðrum bekk eftir kennsluáðferðinni. Samkennsla var í árganginum og sáu þrjú kennarar um þrjú bekkjarhópa. Byrjendalæsi hafði reynst þeim kennurum vel og greinilegt var að þeir höfðu áhuga á að kenna eftir áðferðinni. Þetta var í fyrsta skipti sem ég sá bæði samkennslu og kennslu eftir

aðferðinni. Það sem vakti strax athygli mína var hversu fjölbreytt kennsluefnið var sem kennarar höfðu í höndunum og hversu áhugasamir nemendur voru við vinnuna. Það er mín skoðun að Byrjendalæsi eigi að kenna í fleiri skólum en nú er og að gott væri ef fleiri kennarar legðu á sig að kynnast námsefninu.

Heimildaskrá

- Eygló Björnsdóttir, María Steingrimsdóttir og Sigríður Margrét Sigurðardóttir. (2013).
Innleiðing á Byrjendalæsi: Viðhorf og reynsla kennara. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2013/ryn/011.pdf>
- Eyrún Ísfold Gísladóttir. (2001, haust). Tákn með tali í víðara samhengi: Traustur grunnur – fleiri hugmyndir. *Talfræðingurinn*. Sótt 13. mars 2018 af <http://www.tmt.is/greinar2.htm>
- Grétar L. Marinósson og Rúnar Sigþórsson. (2017). *Byrjendalæsi. Rannsókn á innleiðingu og aðferð*. Reykjavík. Háskólinn á Akureyri.
- Halldóra Haraldsdóttir, Rúnar Sigþórsson og Sigríður Margrét Sigurðardóttir (2014). *Literacy education through beginning literacy: Research and preliminary findings*. Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Helga Sigmundsdóttir. (2008a). Málþroski og læsi. *Lesvefurinn*. Sótt 20. mars 2018 af http://lesvefurinn.hi.is/forsendur_lesturs
- Helga Sigmundsdóttir. (2008b). Umskráning. *Lesvefurinn*. Sótt 21. mars 2018 af <http://lesvefurinn.hi.is/node/136>
- Foley, J. M. (2010, 17. maí). Literacy. *Encyclopædia Britannica*. Sótt 15. mars 2018 af <https://www.britannica.com/topic/literacy>.
- Kendeou, P., Savagem, R. og van den Broek, P. (2009). Revisiting the simple view of reading. *The British Psychological Society*, 79(2), 353–370.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2012). *Ritröð um grunnþætti menntunar. Læsi.*
Almennur hluti. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2011). *Skýrsla um málumhverfi og lestrarnám barna í tíu leikskólum.* Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Námsgagnastofnun (2007). *Námsefni í íslensku fyrir yngsta stig grunnskóla.* Reykjavík:
Námsgagnastofnun.

Rósa Eggertsdóttir. (2007). Byrjendalæsi. *Skíma, 2*, 17–21.

Rósa Eggertsdóttir. (2008). Byrjendalæsi. *Lesvefurinn*. Sótt 3. mars 2018 af
<http://lesvefurinn.hi.is/node/241>

Steinunn Torfadóttir. (2010). *Lesskimun fyrir fyrsta bekk: Handbók.* Reykjavík:
Menntamálastofnun.

Þóra Másdóttir (2008). *Phonological development and disorders in Icelandic-speaking children* (doktorsritgerð við Newcastle University, Englandi).
Reykjavík: Háskólaprent.

Þóra Másdóttir.(2011–2012a) Lubbasarpur: Málörvunarefni. *Lubbi.is*. Sótt 10. mars
2018 af <http://www.lubbi.is/index.php/lubbasarpur>

Þóra Másdóttir.(2011–2012b) Sérstaða Lubbaefnisins. *Lubbi.is*. Sótt 10. mars
2018 af <http://www.lubbi.is/index.php/ct-menu-item-17/serstadha-lubbaefnisins>

|